



## STAÐA MÁLS

Málnr.:	<b>17-182F035</b>
Dags:	<b>16. desember 2017</b>
Staður:	<b>Í farflugi frá Seattle til Keflavíkurflugvallar</b>
Lýsing:	<b>Veikindi flugfreyja</b>
Staða máls:	<b>September 2019: Í rannsókn</b>

Þann 22. ágúst 2018 barst RNSA tilkynning frá flugfreyju sem taldi sig hafa orðið fyrir alvarlegri eitrun í flugi til Íslands frá Seattle þann 16. desember 2017, með þeim afleiðingum að viðkomandi hafði verið óstarfhæf síðan atvikið átti sér stað. Umrætt flug varð í flugvél TF-ISN, sem er Boeing 767-300 flugvél.

Við skoðun á tilkynningagrunni RNSA kom í ljós að atvikið hafði ekki verið tilkynnt af flugrekandum til RNSA, heldur einungis send inn tilkynning í tilkynningagrunn Samgöngustofu<sup>1</sup>.

Við rannsókn RNSA á atvikinu kom í ljós að tvær flugfreyjur veiktust í fluginu. Báðar flugfreyjurnar settu á sig súrefnisgrímur í flugstjórnarklefa í fluginu.

RNSA skoðar hvort að starfsumhverfi flugfreyjanna tengist veikindunum, en RNSA hefur önnur sambærileg mál til rannsóknar.

---

<sup>1</sup> Mandatory Reporting